

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (Framkvæmdasjóður aldraðra).

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Jón Gunnarsson,
Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

4. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Reksturs stofnanáþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum, sbr. 14. gr., enda hafi þörf fyrir hjúkrunarrými verið fullnægt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra verði ekki varið til reksturs stofnanáþjónustu fyrir aldraða nema þörf fyrir hjúkrunarrými hafi verið fullnægt. Sé það aftur á móti vilji stjórnvalda að nota hluta af sjóðnum í rekstur þrátt fyrir skort á hjúkrunarrýmum, eins og gert hefur verið undanfarin ár, þarf Alþingi að gera breytingar á lögnum.

Fyrir liggur að á fimmta hundrað manns bíða nú í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum, flestir á höfuðborgarsvæðinu. Þær upplýsingar koma fram í álitni nefndar fulltrúa ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara frá 19. júlí 2006 og lítur ekki út fyrir að þeirri þörf verði fullnægt á næstu þremur árum samkvæmt álitinu og svari heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns um Framkvæmdasjóð aldraðra frá 132. löggjafarþingi (367. mál). Þar kemur m.a. fram hvaða framkvæmdir og uppbygging á hjúkrunarheimilum eru fyrirhugaðar (sjá fylgiskjal).

Í yfirlýsingu ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara frá 19. júlí 2006 er lagt til að heimaþjónusta verði stóraukin og áhersla færð frá stofnanáþjónustu. Flutningsmenn eru sammála þeim áherslum. Engu að síður verður að tryggja næg hjúkrunarrými og gera átak til að stytta bið eftir þeim. Margir sem nú bíða eftir hjúkrunarplássi geta ekki nýtt sér heimaþjónustu nema að mjög takmörkuðu leyti, nema um sólarhringsþjónustu sé að ræða, og má þar nefna sem dæmi aldraða með heilabilun.

Fari það fé til uppbyggingar sem nú fer úr sjóðnum til rekstrar eykst fjármagn til uppbyggingar um rúmar 200 millj. kr. á ári. Verði framkvæmdin eins og yfirlýsing ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara gerir ráð fyrir mun þessi ráðstöfun fjármagna hlut ríkisins á 60–65 rýmum á næstu fjórum árum.

Fylgiskjal.

**Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn
Ástu R. Jóhannesdóttur um Framkvæmdasjóð aldraðra.
(Þskj. 686, 367. mál 132. löggjafarþings.)**

1. Hversu mikið fé hefur runnið til Framkvæmdasjóðs aldraða árlega sl. 10 ár?

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra námu samtals 6.164,0 millj. kr. frá árinu 1995 til ársins 2004. Í meðfylgjandi yfirliti eru tekjur Framkvæmdasjóðs eftir árum (í millj. kr.).

Tekjur	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals
Gjöld í Framkvæmdasjóð aldraða	464,3	474,7	469,7	523,8	570,8	561,8	612,7	750,6	846,8	884,6	6.159,9
Vextir og aðrar tekjur	1,3	0,8	0,8	0,3	0,4	0,4	0,1	0,0	0,0	0,0	4,0
Tekjur samtals	465,6	475,5	470,5	524,1	571,2	562,2	612,8	750,6	846,8	884,6	6.164,0

2. Hversu háar fjárveitingar fóru á hverju ári til

- a. uppbyggingar,
b. rekstrar,
c. annars og þá hvers?*

- a. Greiðslur úr Framkvæmdasjóði aldraðra til uppbyggingar í formi stofnkostnaðar, endurbóta og viðhalds námu samtals 3.605,8 millj. kr. Þar af voru endurbætur og stofnkostnaður 3.229,8 millj. kr. og viðhald 376,0 millj. kr. Greiðslur hvers árs eru birtar í eftirfarandi yfirliti (í millj. kr.).

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals
Endurbyggingar- og byggingarkostnaður	551,3	211,5	281,2	162,1	249,9	256,1	305,4	333,6	391,6	487,1	3.229,8
Viðhald fasteigna	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	188,0	188,0	376,0
Gjöld samtals	551,3	211,5	281,2	162,1	249,9	256,1	305,4	333,6	579,6	675,1	3.605,8

- b. Greiðslur úr Framkvæmdasjóði aldraðra til rekstrar hjúkrunarheimila námu samtals 2.842,0 millj. kr. á árunum 1995–2004. Framlög hvers árs eru í eftirfarandi yfirliti (í millj. kr.).

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals
Framlag til rekstrar hjúkrunarheimila	130,0	330,0	218,0	295,0	289,0	300,0	362,5	409,5	276,5	231,5	2.842,0
Gjöld samtals	130,0	330,0	218,0	295,0	289,0	300,0	362,5	409,5	276,5	231,5	2.842,0

- c. Aðrar greiðslur námu 117,7 millj. kr. á árunum 1995–2004. Hér er um að ræða kostnað við rekstur sjóðsins, starfsemi samstarfsnefndar um málefni aldraðra og framlög sem féllu m.a. undir 5.–6. tölul. 9. gr. laga nr. 125/1999. Stærstu gjaldaliðirnir sem falla undir 5.–6. tölul. 9. gr. laga nr. 125/1999 er rekstur á vistunarmati og frá árinu 1998 hönnun á rafrænum gagnagrunni fyrir RAI-NH (kerfisbundið mat á heilsufari og aðbúnaði einstaklinga sem dveljast á stofnunum) og vistunarmat og rekstur á þessum kerfum. Auk þess hafa verið veittir styrkir til verkefna er tengjast öldrunarmálum.

Árið 2001 var byrjað að afskrifa og gjaldfæra í rekstri álögð iðgjöld sem renna til sjóðsins sem talið var að mundu ekki innheimtast hjá skattyfirvöldum. Þótt hér sé ekki um að ræða greiðslur úr sjóðnum er hér gjaldfærður kostnaður sem hefur áhrif á rekstr-

arstöðu hans. Afskrifuð iðgjöld á rekstrarreikningi námu samtals 55,1 millj. kr. fram til ársins 2004.

Aðrar greiðslur hvers árs og kostnaður vegna afskrifta er í eftirfarandi yfirliti (í millj. kr.).

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals
Rekstrarsjóður	5,8	6,7	6,3	9,4	14,6	8,4	14,4	19,4	15,8	16,9	117,7
Afskrifuð iðgjöld	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,3	5,9	23,3	21,7	55,1
Gjöld samtals	5,8	6,7	6,3	9,4	14,6	8,4	18,7	25,3	39,1	38,6	172,9

3. *Hversu háar greiðslur til uppbyggingar komu frá öðrum en ríkisvaldinu, svo sem sveitarfélögum, félagasamtökum o.s.frv., skipt eftir árum?*

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um endanlegar greiðslur til uppbyggingar sem komu frá öðrum en ríkisvaldinu. Sé hins vegar miðað við greiðsluþátttöku Framkvæmdasjóðs í endurbótum og stofnkostnaði voru greiðslur frá öðrum en ríkisvaldinu samtals um 5.979,0 millj. kr. á árunum 1995–2004, sbr. eftirfarandi yfirlit.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals
Byggingarkostnaður annarra	1.275,0	478,0	491,0	195,0	500,0	469,0	543,0	578,0	656,0	794,0	5.979,0
Byggingarkostnaður samtals	1.275,0	478,0	491,0	195,0	500,0	469,0	543,0	578,0	656,0	794,0	5.979,0

4. *Hversu margar voru einkaframkvæmdir á þessu sviði á tímabilinu?*

Bygging og rekstur Sóltúns er eina einkaframkvæmdin á þessu sviði á tímabilinu.

5. *Hefur verið sótt um heimildir til að byggja hjúkrunarheimili án mótframlags? Ef svo er, hversu oft og hafa þær heimildir verið veittar?*

Fyrir utan byggingu Sóltúns hefur ekki verið formlega sótt um heimildir til að byggja hjúkrunarheimili án mótframlags. Hins vegar ber að benda á að í daggjaldi Sóltúns er greidd leiga fyrir húsnæði hjúkrunarheimilisins.

6. *Hvaða framkvæmdir og uppbygging á hjúkrunarheimilum eru fyrirhugaðar og vanda hversu margra munu þær leysa? Listi yfir framkvæmdirnar óskast og upplýsingar um hvenær gert er ráð fyrir að þeim verði lokið.*

Fyrirhugaðar framkvæmdir og uppbygging á hjúkrunarheimilum eru bygging hjúkrunarheimilis í Sogamýri í Reykjavík fyrir 110 hjúkrunarvismenn og bygging hjúkrunarheimilis á Lýsislóðinni í Reykjavík fyrir 90 hjúkrunarvismenn. Gert er ráð fyrir að bygging hjúkrunarheimilis í Sogamýri verði lokið á árinu 2007 og bygging hjúkrunarheimilis á Lýsislóðinni verði lokið árið 2009. Þá má geta þess að nú er unnið að byggingu 60 hjúkrunarrýma á Akureyri, 12 á Neskaupstað, 23 á Eskifirði og 27 á Selfossi, auk þess sem verið er að fjölga rýmum á Fellsenda í Búðardal. Ekki er í öllum tilvikum um fjölgun rýma að ræða heldur endurnýjun húsnæðis. Þótt ákvarðanir liggi ekki fyrir um frekari framkvæmdir hefur ráðuneytið að undanfögnu átt í viðræðum um uppbyggingu stofnanaþjónustu aldraðra við heimamenn í Reykjanesbæ, Kópavogi, Hafnarfirði, á norðanverðum Vestfjörðum og á Suðurlandi. Að lokum má nefna að nýverið veitti Alþingi, að tillögu fjárlaganefndar, 30 millj. kr. til undirbúnings stækkunar á Jaðri í Ólafsfirði.